

Ed.

747. Breytingartillögur

[342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, EgJ, VI).

1. Við 10. gr.
 - a. Í stað „75%“ í A-lið komi: 80%.
 - b. Í stað „150 kr.“ í B-lið komi: 200 kr.
2. Á eftir 13. gr. komi ný grein er orðist svo:
 - a. Í stað „35%“ í fyrri mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 20%.
 - b. Í stað „20%“ í síðari mgr. 2. tölul. 71. gr. laganna komi: 13%.
3. 19. gr., er verður 20. gr., orðist svo:
 - a. Á eftir 121. gr. laganna komi ný grein, 122. gr., er orðist svo: Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 2. og 4. tölul. B-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1988.
 - b. 123. gr. laganna falli brott.
 - c. 122. gr. laganna verði 123. gr.
4. Við ákvæði til bráðabirgða I.
 - a. 2. mgr. orðist svo:

Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 30% af frádráttarbærum vöxtum þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns. Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall dragast frá samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind háþrösk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.
 - b. Við síðari másl. 4. mgr. bætist: Þó þannig að honum skal ráðstafa til greiðslu á álöggðum tekjuskatti 1988 sem ekki verður felld niður innheimta á, sbr. 2. gr. laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, síðan eignarskatti og öðrum þinggjöldum.